

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 24. fundur skólanefndar
24. janúar 2006

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Gísli Ólafsson, Björg Ágústsdóttir, Sveinn Þór Elinbergsson, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Una Ýr Jörundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Björn Ásgeir Sumarliðason áheyrnarfulltrúi nemenda og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir fundarritari.
Forföll boðuðu: Sigríður Finsen og Eyþór Benediktsson.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Byrjun vorannar

Á vorönn eru svipaður fjöldi nemenda og á haustönn en þó urðu skipti á nokkuð stórum hópi. Nemendur eru því um 220-230 í heildina. Skólinn fer vel af stað, skólareglum var breytt í kjölfar niðurstöðu úr viðhorfkönnun sem gerð var meðal nemenda. Þar kom fram að nemendum fannst vanta fleiri svæði þar sem hægt væri að læra í næði. Við brugðumst við því með því að leyfa tónlist og tölvuleiki eingöngu í matsal ekki annars staðar í húsinu. Ennfremur tókum við alla kennslu út úr B-rými og af bókasafnssvölum svo það rými nýtist fyrir lærdóm.

Nokkrir nýir kennarar komu á þessari önn, í landafræði, ensku, viðskiptagreinir og bridge. Einnig kom nýr starfsmaður á bókasafnið.

PG lýsir því helsta sem er að gerast í sambandið við iðnnámið sem fór af stað í haust. Umræða tekin um iðnnámið og hvort rétt sé að kynna það sérstaklega.

3. Fjárhagsáætlun 2006

Fundarmenn fá áætlun ársins 2006 þar sem kostnaði er skipt niður á kostnaðarliði. Rekstur hefur gengið vel og er í jafnvægi en fjöldi nemenda hefur verið meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir og við það skapast halli. Uppbætur vegna 2005 eru væntanlegar síðar í mánuðinum og kemur þá í ljós hversu mikið við fáum bætt. Í lok janúar verður farið á fund í ráðuneytinu þar sem rætt verður m.a. um ársnemendafjölda næstu tveggja ára. Nú er orðið ljóst að endurskoða þarf fyrri áætlun þar sem nemendatölur voru of lágar.

4. Nýting íþróttasalar

Framhald af umræðu fyrri funda um fyrirspurn frá starfsmannafélagi varðandi nýtingu íþróttasalar. Umræða var um málið og ákveðið að halda við fyrri skilgreiningu þ.e. að íþróttasalurinn sé eingöngu til afnota fyrir nemendur og starfsfólk skólans.

5. Önnur mál

- ✓ Búið er að taka saman einkunnir fyrir bæði vorönn og haustönn 2005. Tölurnar skoðaðar og ræddar.

- ✓ Viðtöl hafa verið í gangi við nemendur og foreldra þeirra sem féllu í þremur áföngum eða fleiri á síðustu önn. Góð viðbrögð hafa verið frá foreldrum sem hafa komið í viðtöl.
- ✓ Umræða um könnun sem forsætisráðuneytið gerði um vefi ríkisstofnana. Niðurstöður hennar er að finna á vef ráðuneytisins.
- ✓ Einn fundarmaður vildi vekja athygli á og lýsa ánægju sinni með og þakka fyrir þann árangur að halda eigi UT-ráðstefnuna í húsnæði skólans þann 3. mars nk.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Næsti fundur þriðjudaginn 21. febrúar 2006 kl. 16:30.